

25. apríl 2018

ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

**45. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn
25. apríl 2018 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.**

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Ásta Stefánsdóttir, D-lista, framkvæmdastjóri,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Ari Björn Thorarensen, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Estelle Burgel, varamaður Æ-lista

Auk þess situr fundinn Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn.

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

1. **a) 1801005**
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 49. fundur frá 13. mars
<https://www.arborg.is/49-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar-2/>
- b) 140. fundur bæjarráðs (1801001)** frá 22. mars
<https://www.arborg.is/140-fundur-baejarrads-3/>
2. **a) 141. fundur bæjarráðs (1801001)** frá 5. apríl
<https://www.arborg.is/141-fundur-baejarrads-3/>
3. **a) 1801008**
Fundargerð íþróttar og menningarnefndar 39. fundur frá 4. apríl
<https://www.arborg.is/wp-content/uploads/2018/04/1801008.pdf>

4. a) 1801006

Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar

50. fundur frá 11. apríl

Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu:

- liður 1, málsnr. 1803230 – Umsókn um stofnun vegsvæða við Votmúla 2. Lagt er til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.
- liður 2, málsnr. 1803229 – Umsókn um stofnun vegsvæða við Austurkot m/Ásakoti. Lagt er til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.
- liður 3, málsnr. 1803273 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð bílastæða við Jötunheima. Lagt er til við bæjarstjórn að erindið verði samþykkt.
- liður 8, málsnr. 1711075 – Óveruleg breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 við Eyraveg 34-38. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.
- liður 10, málsnr. 1704217 – Fyrirspurn um stækkun á húsnæði að Gagnheiði 37, Selfossi. Lagt til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt.
- liður 13, málsnr. 1804013 – Deiliskipulagstillaga fyrir Austurveg 67, Selfossi. Lagt til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst.
- liður 17. málsnr. 1804074 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnlagna Langholt-Suðurhólar. Lagt er til við bæjarstjórn að umsóknin verði samþykkt.
- liður 55, málsnr. 1802027 – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir HSU- reit – Árvegur. Lagt er til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt.

- liður 1 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 22. mars, lið 12, málsnr. 1803186 – Tillaga frá S-lista um auglýsingar á lausum lóðum undir atvinnustafsemi í sveitarfélaginu.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, Ari Björn Thorarensen, D-lista, og Helgi S. Haraldsson, B-lista, tóku til máls.

- liður 1 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 22. mars, lið 14, málsnr. 1704132 – Gagnaveitan – ljósleiðaravæðing.

Gunnar Egilsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Ásta Stefánsdóttir, D-lista, Kjartan Björnsson, D-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

- liður 1 b) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 22. mars, lið 7, málsnr. 1709203 – Opið bókhald.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

- liður 3 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íprótta- og menningarnefndar frá 4. apríl, lið 1, málsnr. 1803285 – Vor í Árborg 2018.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls.

- liður 3 a) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 4. apríl, lið 2, málsnr. 1804029 – Menningarviðurkenning Sveitarfélagsins Árborgar 2018.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Sandra Dís Hafþórsdóttir, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 1, málsnr. 1803230 – Umsókn um stofnun vegsvæða við Votmúla 2. Lagt er til að erindið verði samþykkt.

Gunnar Egilsson, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 2, málsnr. 1803229 – Umsókn um stofnun vegsvæða við Austurkot m/Ásakoti. Lagt er til að erindið verði samþykkt.

Gunnar Egilsson, D-lista, og Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 3, málsnr. 1803273 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð bílastæða við Jötunheima. Lagt er til að erindið verði samþykkt.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 8, málsnr. 1711075 – Óveruleg breyting á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 við Eyraveg 34-38. Lagt er til að tillagan verði auglýst.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 10, málsnr. 1704217 – Fyrirspurn um stækkun á húsnaði að Gagnheiði 37, Selfossi. Lagt til að breytingin verði samþykkt.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 13, málsnr. 1804013 – Deiliskipulagstillaga fyrir Austurveg 67, Selfossi. Lagt til að tillagan verði auglýst.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 17, málsnr. 1804074 – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stofnagna Langholt-Suðurhólar. Lagt er til að umsóknin verði samþykkt.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 11. apríl, liður 55, málsnr. 1802027 – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir HSU- reit – Árvegur. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 a) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, frá 11. apríl og spurði út í úthlutun lóða og gjöld fyrir lóðir, einnig ræddi hann um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir lóðabrask.

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tókur til máls.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

II. 1801065 Breyting í kjörstjórn

Lagt er til að eftirtaldir aðilar verði kosnir í kjörstjórn og bætt verði við fjórðu kjördeildinni á Selfossi og verði hún nr. 4 en kjördeild Stokkseyrar fái nýtt kjördeildar - númer, númer 6.

1. Yfirkjörstjórn, þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Ingimundur Sigurmundsson

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir

Bogi Karlsson

Varamenn:

Þórarinn Sólmundarson

Anna Ingadóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

2. Undirkjörstjórn 1, þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Erlendur Daníelsson

Gunnar Gunnarsson

Ólafur Bachmann Haraldsson

Varamenn:

Guðmundur Sigmarsson

Hólmfríður Einarsdóttir

Herborg Anna Magnúsdóttir

3. Undirkjörstjórn 2, þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Sesselja Sumarrós Sigurðardóttir

Ingibjörg Jóhannesdóttir

Valdemar Bragason

Varamenn:

Grétar Páll Gunnarsson

Ingveldur Guðjónsdóttir

Gunnar Þorkelsson

4. Undirkjörstjórn 3, þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Hafdís Kristjánsdóttir

Jónína Halldóra Jónsdóttir

Varamenn:

Kristjana Hallgrímsdóttir

Magnús Gísli Sveinsson

Ingibjörg Elfa L. Stefánsdóttir

5. Undirkjörstjórn 4 (ný kjördeild Selfossi), þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Magnús Jóhannes Magnússon

Inger Schiöth

Elvar Ingimundarson

Varamenn:

Svava Júlía Jónsdóttir

Sigríður Sigurjónsdóttir

Þorgrímur Óli Sigurðsson

6. Undirkjörstjórn 5 (Eyrarbakki), þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Lýður Pálsson

María Gestsdóttir

Birgir Edwald

Varamenn:

Arnar Freyr Ólafsson

Þórarinn Ólafsson

Arnrún Sigurmundsdóttir

7. Undirkjörstjórn 6 (Stokkseyri), þrír fulltrúar og þrír til vara.

Aðalmenn:

Ingibjörg Ársælsdóttir

Ólafur Már Ólafsson

Ragnhildur Jónsdóttir

Varamenn:

Kristín Þ. Sigurðardóttir

Bjarkar Snorrason

Guðni Kristjánsson

Tillaga að fulltrúum í kjörstjórnir var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

III. 1804222

Ársreikningur 2017 – fyrri umræða

Ásta Stefánsdóttir, D-lista, tók til máls og fylgdi ársreikningum úr hlaði og lagði fram svohljóðandi greinargerð.

Greinargerð með ársreikningi Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2017 er lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 25. apríl 2018. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður seinni umræðan í bæjarstjórn fyrir miðjan maí nk.

Inngangur

Samstæða sveitarfélagsins skilar afgangi frá rekstri upp á 450,8 millj.kr., samanborið við 108 millj.kr afgang árið 2016. Aðalsjóður er nú rekinn með 122,8 millj.kr. rekstrarafgangi og er það 204 millj.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Á árinu 2016 var halli á rekstri aðalsjóðs 101,4 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta er nú jákvæð um 16 millj.kr. Reksrarniðurstaða fyrir afskriftir nam 1.287 millj.kr. Fjármagnsgjöld nema 359,3 millj.kr. nettó eða um 42,5 millj.kr. meira en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Afskriftir nema 433,8 millj.kr. og er afgangur fyrir skatta 494 millj.kr. Tekjuskattur nemur 43,1 millj.kr.

Útsvarstekjur hækkuðu um 522 millj.kr. á milli ára og voru heildartekjur sveitarfélagsins um 388 millj.kr. yfir áætlun.

Skuldahlutfall samstæðunnar lækkar meira en áætlun gerði ráð fyrir og fer skuldaviðmið sem reiknað er skv. reglugerð 502/2012 um fjárhagsviðmið sveitarfélaga í 124%, en var 133,7% í árslok 2016.

Fjárfestingar námu 599 millj.kr. Veltufé frá rekstri hækkar talsvert á milli ára, nemur 1.169 millj.kr. og er um 306 millj.kr. yfir áætlun og 121 millj.kr. hærra en árið 2016. Sveitarfélagið greiddi 785 millj.kr. í afborganir lána en tók lán fyrir 650 millj.kr.

Heildarniðurstaða ársreiknings fyrir árið 2017 er að öllu leyti jákvæð. Afgangur er af rekstri A-hluta og samstæðu, tekjur aukast töluvert og sjóðstreymi lagast.

Þrátt fyrir að afkoma sé mun betri en áætlanir gera ráð fyrir er ávallt mikilvægt að gæta aðhalds í rekstri.

Rekstur ársins 2017

Samstæðureikningur Sveitarfélagsins Árborgar samanstendur af A-hluta og B-hluta.

Í A-hluta eru :

- Aðalsjóður
- Eignasjóður
- Þjónustustöð
- Fasteignafélag Árborgar
- Verktækni ehf.

Í B-hluta eru :

- Byggingarsjóður aldraðra
- Leigubústaðir Árborgar
- Fráveita
- Vatnsveita
- Selfossveitur
- Sandvíkursetur ehf.

Meginreglan er sú að í A-hluta flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar, stofnanir og fyrirtæki sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Rekstrareiningar í B-hluta hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum.

Helstu niðurstöður rekstrar eru :

Í þús.kr.	A-hluti			A- og B-hluti		
	2017	Áætlun	Mismunur	2017	Áætlun	Mismunur
Rekstrartekjur	7.346.824	6.957.054	389.770	8.463.060	8.074.435	388.625
Rekstrargjöld	6.747.787	6.572.818	174.969	7.175.912	7.080.346	95.566
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	599.038	384.236	214.802	1.287.148	994.089	293.059
Afskriftir	(292.217)	(292.444)	227	(433.868)	(474.003)	40.135
Niðurstaða án fjármagnsliða	306.821	91.792	215.029	853.280	520.086	333.194
Fjármagnsliðir, nettó	(290.472)	(248.214)	(42.258)	(359.305)	(316.829)	(42.476)
Rekstrarniðurstaða fyrir reiknaðan tekjuskatt	16.349	(156.422)	172.771	493.975	203.257	290.718
Reiknaður tekjuskattur	(379)	0	0	(43.102)	(18.219)	(20.759)
Rekstrarniðurstaða	15.970	(156.422)	172.392	450.874	185.038	265.836

Rekstrarniðurstaða A- og B- hluta er jákvæð um 450,8 millj.kr. sem er 265,8 millj.kr. betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildartekjur eru 8.463 millj.kr. og heildarútgjöld með afskriftum en án fjármagnsliða 7.610 millj.kr. Að öllu samanlögðu nema heildarútgjöld með afskriftum án fjármagnsliða 90 % af heildartekjum A- og B-hluta ársreiknings.

Fræðslu- og uppeldismál er umfangsmesti málaflokkurinn í rekstri sveitarfélagsins, tekur til sín 3.724 millj.kr. Sveitarfélagið Árborg er stór vinnuveitandi og greiðir 4.544 millj.kr. í laun og launatengd gjöld.

Útsvarstekjur eru 168 millj.kr. hærri en áætlun gerir ráð fyrir. Álögð fasteignagjöld eru 11,7 millj.kr. hærri en áætlun.

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru 6 millj.kr. yfir áætlun. Mestu frávikin eru í framlagi vegna málefna fatlaðra sem er 182 millj.kr. lægra en áætlun gerir ráð fyrir. Á móti koma greiðslur frá Bergisanum bs sem finna má undir félagsþjónustunni upp á 210,6 millj.kr. og því er félagsþjónustan verulega undir áætlun. Tekjujöfnunarframlagið er 21 millj.kr. yfir áætlun, útgjaldajöfnunarframlagið er 64,1 millj.kr. yfir áætlun, rekstrarframlag vegna skóla er 54,5 millj.kr. yfir áætlun, framlag vegna fasteignaskatts er 27,6 millj.kr. yfir áætlun, aukaframlag er 14,6 millj.kr. yfir áætlun, framlag vegna nýbúa er 650 þús.kr. yfir áætlun og framlag vegna sérþjónustu fatlaðra er 5,4 millj.kr. yfir áætlun.

Kostnaður umfram tekjur í málaflokkum aðalsjóðs án fjármagnsliða nemur 6.559 millj.kr. Áætlun gerði ráð fyrir að rekstur málaflokkanna myndi kosta 6.561 millj.kr. Heildarfrávik í rekstri málaflokkanna eru því hagstæð sem nemur 2 millj.kr.

Jákvæð frávik eru í eftirfarandi málaflokkum : félagsþjónustu, menningarmálum, umferðar- og samgöngumálum, umhverfismálum og breytingu lífeyrisskuldbindingar. Samtals eru þessir málaflokkar 328,5 millj.kr. undir áætlun.

Þeir málaflokkar í aðalsjóði sem eru með neikvæð frávik eru eftirfarandi: fræðslu- og uppeldismál, íþróttar- og æskulýðsmál, brunavarnir og almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, atvinnumál og sameiginlegur kostnaður. Samtals eru þessir málaflokkar 327 millj.kr. yfir áætlun. Stærsta frávikið er í sameiginlega kostnaðinum en það er vegna gjaldfærslu á greiðslu til jafnvægisjóðs Brúar lífeyrissjóðs. Því næst eru fræðslu- og uppeldismál sem er langstærsti málaflokkur sveitarfélagsins.

Jákvæð frávik fjármagnsliða aðalsjóðs eru 15 millj.kr.

Afkoma A-hluta stofnana er 32 millj.kr. lakari en áætlun gerir ráð fyrir. Afkoma Eignasjóðs er lakari en áætlun sem nemur 11,2 millj.kr. Afkoma

Þjónustustöðvar er 2,3 millj.kr. lakari en áætlun, afkoma Fasteignafélags Árborgar er 8,6 millj.kr. óhagstæðari en áætlun og afkoma Verktækni ehf. 9,8 millj.kr. lakari en áætlun gerir ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða A-hluta er jákvæð um 16 millj.kr. sem er 172,4 millj.kr. hagstæðari afkoma en áætlun gerir ráð fyrir.

Frávik B-hluta félaga eru hagstæð um 93,4 millj.kr. Frávik í Byggingarsjóði aldraðra eru óhagstæð um 6 millj.kr. Frávik í Leigubústöðum Árborgar eru hagstæð um 10,7 millj.kr. Fráveita er með hagstæð frávik upp á 18 millj.kr. Frávik Vatnsveitu eru hagstæð sem nemur 32 millj.kr. Selfossveitur sýna betri afkomu en áætlun sem nemur 43,5 millj.kr. Sandvíkursetur ehf. er með óhagstæð frávik upp á 4,7 millj.kr.

Fjárfestingar

Fjárfestingar ársins námu alls 598,8 millj.kr. sem skiptast þannig: fasteignir og lóðir 98,1 millj.kr., veitu- og gatnakerfi 456,8 millj.kr. og bifreiðar, vélar, áhöld og tæki 43,9 millj.kr.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið

Skuldahlutfall samantekinna reikningsskila nemur 131,6% í árslok 2017 samanborið við 142,4% í árslok 2016. Útreikningur skv. reglugerð 502/2012 gefur skuldaviðmið 124% í árslok 2017 samanborið við 133,7% í árslok 2016.

Efnahagsreikningur 31.12.2017

Samanteknar niðurstöður efnahagsreiknings birtast í töflunni hér að neðan :

<i>Í þús.kr.</i>	A-hluti		A- og B-hluti	
	2017	2016	2017	2016
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	9.644.944	9.398.936	13.514.443	13.033.268
Áhættufjármunir og langtímakröfur	564.507	577.819	381.329	397.754
Veltufjármunir	2.103.174	1.648.533	1.429.561	1.007.198
Eignir samtals	12.312.626	11.625.288	15.325.333	14.438.220
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé	1.813.642	1.456.598	4.186.784	3.575.615
Lífeyrisskuldbindingar	1.842.046	1.823.741	2.105.350	2.042.894
Langtímaskuldbindingar	5.935.167	5.958.323	7.154.373	7.160.499
Skammtímaskuldir	2.721.771	2.386.626	1.878.826	1.659.212
Skuldir og skuldbindingar samtals	10.498.984	10.168.690	11.138.550	10.862.605
Eigið fé og skuldir samtals	12.312.626	11.625.288	15.325.333	14.438.220

Sjóðstreymi ársins 2017

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

<i>Í þús.kr.</i>	A-hluti		A- og B-hluti	
	2017	Áætlun	2017	Áætlun
Niðurstaða ársins	15.970	(156.422)	450.874	185.038
Veltufé frá rekstri	517.458	299.978	1.169.092	862.555
Handbært fé frá rekstri	674.901	299.978	1.358.275	902.555
Fjárfestingarhreyfingar	(203.552)	(455.060)	(563.889)	(870.010)
Fjármögnunarhreyfingar	(184.386)	298.104	(441.247)	53.834
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	286.963	143.022	353.139	86.379

Lykiltölur

Samanteknar niðurstöður birtast í töflunni hér að neðan :

Í hlutfalli við rekstrartekjur :	Bæjarsjóður A-hluti		Samstæða A- og B-hluti	
	2017	Áætlun	2017	Áætlun
Laun og launatengd gjöld	59,5%	60,6%	53,7%	54,2%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	-0,1%	0,6%	-0,1%	0,6%
Annar rekstrarkostnaður	32,4%	33,3%	31,2%	32,9%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	8,2%	5,5%	15,2%	12,3%
Afskriftir	4,0%	4,2%	5,1%	5,9%
Fjármagnsliðir	4,0%	3,6%	4,8%	4,1%
Rekstrarniðurstaða	0,2%	-2,2%	5,3%	2,3%
Hreint veltufé frá rekstri	7,0%	4,3%	13,8%	10,7%
Á íbúa, í þús.kr. :				
Skatttekjur	695	710	691	706
Aðrar tekjur	122	101	250	235
Laun og launatengd gjöld	-485	-496	-504	-516
Annar rekstrarkostnaður	-265	-270	-293	-310
Afskriftir	-32	-34	-48	-55
Fjármagnsliðir	-32	-29	-45	-39
Rekstrarniðurstaða	2	-18	50	22
Aðrar lykiltölur				
Veltufjárhlutfall	0,8	0,6	0,8	0,5
Skuldahlutfall	142,9%	157,2%	131,6%	143,7%
Skuldahlutfall skv. reglugerð 502/2012	134,4%	146,9%	124,0%	134,7%

Framtíðarsýn

Svo sem að framan greinir er rekstrarniðurstaða Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2017 betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur jukust nokkuð og má m.a. rekja það til góðs atvinnuástands og íbúafjölgunar sem var umfram það sem áður hefur þekkst. Íbúafjölgun nam 6,2% á árinu og voru íbúar 8.995 í lok ársins.

Rekstur málaflokka var í ágætu jafnvægi og stærstu frávik í rekstri stafa af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar skv. samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við íslenska ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Nemur heildarframlagið 697,3 millj.kr (fyrir utan hlutdeild vegna byggðasamlaga) og eru þar af 186,8 millj.kr gjaldfærðar á árinu 2017, auk 26,1 millj.kr hlutdeildar Árborgar í hlut SASS og tengdra stofnana skv. samkomulaginu. Vegna þessa eru 212 millj.kr einnig færðar sem skammtímaskuld í lok ársins og skýrir það aukningu á skammtímaskuldum.

Áætla má að fjölgun íbúa haldi áfram á árinu 2018. Mikill fjöldi íbúða er enn í byggingu, auk þess sem sveitarfélagið mun á næstunni úthluta lóðum við nýjar götur í Hagalandi. Þá er verið að leggja lokahönd á deiliskipulag næsta heildstæða hverfis á Selfossi þar sem rísa mun grunnskóli og íþróttahús ásamt leikskóla og væntanlega tónlistarskóla. Unnið verður að hönnun fyrstu gatna og veitna í hverfinu og útboð verkframkvæmda undirbúið samhliða undirbúningi að útboði grunnskólabyggingar. Uppbygging hefur haldið áfram við Hulduhóla á Eyrarbakka á árinu og unnið er að breytingu deiliskipulags við Ólafsvelli á Stokkseyri með það að markmiði að fjölga par- og raðhúsalóðum.

Fjárfest var fyrir 599 millj.kr, að mestu í innviðum Selfossveitna, fráveitu og vatnsveitu, og er mikil þörf fyrir frekari uppbyggingu innan Selfossveitna og fráveitu. Unnið hefur verið að því að tryggja aukin jarðhitaréttindi, auk þess sem borað hefur verið eftir heitu vatni og áfram verður haldið endurnýjun lagna. Umhverfismat stendur yfir vegna hreinsistöðvar fráveitu og er gert ráð fyrir að því ljúki síðar á þessu ári og

að þá verði unnt að ljúka skipulagsferli og hefja framkvæmdir. Dælustöð vatns- og hitaveitu fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri verður tekin í notkun innan tíðar. Að venju var unnið að nauðsynlegu viðhaldi gatna, gangstétta og fasteigna víðs vegar um sveitarfélagið.

Undirbúningur stendur yfir við útboð á knatthúsi sem rísa mun á Selfossvelli, auk þess sem unnið er að hönnun á viðbyggingu við leikskólann Álfheima og gert ráð fyrir að framkvæmdir við stækkun hefjist síðar á árinu. Þurft hefur að bregðast við örri fjölgun grunnskólanemenda með stækkun á Sunnulækjarskóla og breytingum á Vallaskóla, auk þess sem bráðabirgðahúsnæði verður komið fyrir við Vallaskóla fyrir haustið til að brúa bilið þar til nýr grunnskóli verður tekinn í notkun haustið 2020. Unnið hefur verið að lagningu göngu- og hjólastíga og verður því verkefni haldið áfram. Gert er ráð fyrir útboði á nýju hjúkrunarheimili í lok ársins, en sveitarfélagið greiðir 16% stofnkostnaðar á móti ríkinu. Bygging nýs húsnæðis fyrir dagdvöl og félagsaðstöðu eldri borgara stendur yfir og er gert ráð fyrir að taka húsnæðið í notkun í sumar.

Eins og að framan er getið er rekstrarafkoma Sveitarfélagsins Árborgar vegna ársins 2017 með besta móti. Framlegðarhlutfall samstæðu var 15,2% í lok árs. Skuldaviðmið samstæðunnar skv. reglugerð 502/2012 fer niður í 124% í lok árs. Mikilvægt er að huga áfram að lækkun skulda sveitarfélagsins til að gera reksturinn enn betur sjálfbæran og draga frekar úr fjármagnskostnaði.

Ég vil þakka starfsmönnum fyrir vel unnin störf og eftirfylgni við áætlun, einnig vil ég þakka kjörnum fulltrúum, starfsmönnum og íbúum fyrir að standa saman að því að gera gott sveitarfélag betra.

Hægt verður að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is> eftir að hann hefur verið tekinn til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ari Björn Thorarensen, D-lista og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

Lagt var til að ársreikningi yrði vísað til síðari umræðu, var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 18:20

Ásta Stefánsdóttir

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Gunnar Egilsson

Kjartan Björnsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Eggert Valur Guðmundsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Estelle Burgel

Rósa Sif Jónsdóttir, ritari